

Kristín Ósk Matthíasdóttir  
Hvammi  
451 Patreksfjörður

Reykjavík 6. desember 2018  
UST201507-077/E.B.S.  
08.12.01

### **Færsla starfsleyfis fyrir land- og kvíaeldi að Þverá í Vatnsfirði**

Vísað er til umsóknar Eldisvörr ehf., kt. 460502-6830 og Kristínar Óskar Matthíasdóttur, kt. 220187-2849, dags. 10. júlí 2015, þar sem óskað er eftir yfirlæsingar með gildandi starfsleyfi Eldisvörr ehf., fyrir lax og silungseldi allt að 200 tonna framleiðslu, eins og nánar kemur fram í starfsleyfinu, útg. 11. desember 2009 af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, yfir á Kristínu Ósk Matthíasdóttur.

Umhverfisstofnun kallaði eftir staðfestingu á bráðamengunartryggingu með bréfi dags. 27. ágúst 2015. Stofnuninni bárust umbeðin gögn með tölvupósti dags. 20. júlí 2018.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að fallast á færslu starfsleyfisins, enda verði ekki önnur breyting á starfsemi skv. starfsleyfinu né breyting á starfsleyfisskilyrðum, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Með því færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Kristínar Óskar Matthíasdóttur, kt. 220187-2849. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 11. desember 2021.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Kristínu Ósk Matthíasdóttur, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.

Virðingarfyllst,



Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri

Afrit: Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Matvælastofnun.

# STARFSLEYFI

[Kristín Ósk Matthíasdóttir]

[kt. 220187-2849]<sup>1</sup>

til að starfrækja land- og kvíaeldi

Heimilisfang:  
Þverá, Barðaströnd  
451 Patreksfjörður

Nafn rekstraraðila: [Kristín Ósk Matthíasdóttir]

Kennitala rekstraraðila: [220187-2849]

**Útgáfudagur: 11.12.2009**

**Gildir til: 11.12.2021**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. [61/2013] um eiturefnir og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við [Umhverfisstofnun]. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið [var] gefið út til 12 ára [árið 2009 og gildir því til ársins 2021] en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti. Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá [Umhverfisstofnunar].

[Reykjavík 06.12.2018]<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 11.12.2009 af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða til Eldisvörr ehf.

<sup>2</sup> Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Starfsleyfið hefur nú verið fært yfir á nýjan rekstraraðila Kristínu Ósk Matthíasdóttur, enda verði ekki önnur breyting á starfsemi skv. starfsleyfinu né breyting á starfsleyfisskilyrðum, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

[Kristín Ósk Matthíasdóttir]  
Þverá, Barðaströnd  
451 Vesturbýggð

[Reykjavík 06.12.2018]<sup>3</sup>

### **Starfsleyfi fyrir land- og kvældi**

Á fundi sínum þann 11.12.2009 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Eldisvörr ehf. Lax og silungseldi allt að 200 tonna framleiðslu. [Hinn 23.11.2018 féllst Umhverfisstofnun á færslu starfsleyfisins, enda verði ekki önnur breyting á starfsemi skv. starfsleyfinu né breyting á starfsleyfisskilyrðum, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Með því færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Kristínar Óskar Matthíasdóttur, kt. 220187-2849]. Starfsleyfið gildir til 11.12.2021. Fyrirtækið flokkast sem land- og kvældi. Í samræmi við [4. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 skal innheimta gjald fyrir breytingu á handhafa starfsleyfis, kr. 52.800].

[Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og gjaldskrá stofnunarinnar].

[Rekstraraðili] skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við [Umhverfisstofnun]. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og reglugerð nr. [550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um eldi nytjastofna sjávar nr. 33/2002, sem gildi tóku 16. apríl 2002.

[Virðingarfyllst,

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

  
Hildur Vésteinsdóttir  
Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri]

<sup>3</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 11.12.2009 af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða til Eldisvörr ehf. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Starfsleyfið hefur nú verið fært yfir á nýjan rekstraraðila Kristínu Ósk Matthíasdóttur, enda verði ekki önnur breyting á starfsemi skv. starfsleyfinu né breyting á starfsleyfisskilyrðum, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.